

## Gjafir til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Selfossi 2010



### Kvenfélag Selfoss

gaf stofnuninni á Selfossi gjafir á árinu fyrir **rúml. 1 milljón**. Um er að ræða GSM gagnakort í sjúkraflutningabíla að verðmæti kr. 200 þúsund, augnskoðunartæki í tilefni opunar nýrrar heilsugæslustöðvar á Selfossi, að verðmæti kr. 710 þúsund og hvíldarstól fyrir fæðingardeildina, að verðmæti 100 þúsund.



### Lionsklúbbur Selfoss

gáfu þjálfunartæki fyrir sjúkraþjálfunina - í tilefni opunar nýrrar heilsugæslustöðvar á Selfossi - en um er að ræða Monark þrekhljó, TNS tæki, rafknúna standgrind og eyrnaskoðunarhaus fyrir Ljósheima og Fossheima. Verðmæti gjafanna eru **rúml. 1,5 millj.**



### Hjartaheill á Suðurlandi

gáfu peningagjöf að upphæð **kr. 1 millj.** til kaupa á þolprófsbúnaði fyrir hjartadeild stofnunarinnar.



### Samband sunnlenskra kvenna

gáfu á árinu samtals rúml. 1,4 milljónir - peningagjöf **kr. 1 millj.** til sónarkaupa og **rúml. kr. 400 þús.** til kaupa á PowerLasertæki fyrir sjúkraþjálfunina.



### Lionsklúbbarnir í Árnessýslu

gáfu tvö styrktarþjálfunartæki - í tilefni opunar nýrrar heilsugæslustöðvar á Selfossi. Tækin eru að verðmæti **kr. 750 þúsund.**



### Kvenfélag Eyrarbakka

gaf hjúkrunardeild Fossheima peningagjöf - **að upphæð kr. 180 þúsund** - til kaupa á lyfjadælu og fylgihlutum.



### Hjúkrunardeildin Ljósheimar fékk arf frá Þórhalli Guðnasyni

að upphæð **rúml. 11,2 millj.** sem þakklæti fyrir góða umönnun.

Einnig fékk deildin **peningagjöf frá Jóhanni Jóhannssyni, að upphæð kr. 800 þúsund** - sem hann afhenti á áttæðis afmæli eiginkonu sinnar Rögnu Jónsdóttur með þakklæti fyrir góða umönnun.

### Lionsklúbburinn Geysir

gaf heilsugæslunni í Laugarási eyrnaskoðunartæki og fylgihluti, að verðmæti **kr. 376 þúsund.**

### Stefán Á. Þórðarson og fjölskylda

gáfu 3 þráðlaus heyrnartæki til Ljósheima - að verðmæti **kr. 54 þúsund.**

### Jóhanna Þórðardóttir, eiginkona Steingríms Ingvarssonar,

gaf springdýnu og öryggisdúk fyrir hjúkrunardeild Fossheima, að verðmæti **kr. 57 þúsund.**

### Elfar Þórðarson, listmálari á Stokkseyri,

gaf stofnuninni á Selfossi 4 listaverk í tilefni opunar nýbyggingarinnar. Verðmæti listaverkanna eru **kr. 485 þúsund.**

**Kvenfélögin í Kirkjubæjarhreppi, Hvöt og Rauði krossinn - Klausturdeild,** gáfu peningagjöf til heilsugæslunnar á Kirkjubæjarklaustri - að upphæð **kr. 280 þúsund**, til kaupa á CRP rannsóknartæki og fylgihlutum.

**Verðmæti gjafa ársins eru 18,2 milljónir króna**

Heilbrigðisstofnun Suðurlands færir gefendum bestu þakkir fyrir höfðinglegar gjafir og ómetanlegt er að eiga slíka stuðningsaðila.

**Megi Guðs blessun fylgja þessum félögum og einstaklingum.**